

Upplýsingar um niðurjöfnun fjallskila, leitir og réttir haustið 2016

Niðurjöfnun fjallskila.

Fjallskilum er jafnað niður á fjártölu sem er samtals 9.979 kindur.
Heildar fjallskilakostnaður er kr. 3.921.747,- sem gerir kr. 393,- á kind.
Fjallskilagjöld verða innheimt af bæjarskrifstofu Borgarbyggðar.
Gjalddagi fjallskilagjalda er 1. nóvember en eindagi 20. nóvember.

Leitir.

Farið verður í fyrstu Stafholtstungnaleit fimmtudaginn 15. september.
Farið verður í fyrstu leit Þverhlíðinga og Hvítsíðinga föstudaginn 16. september.
Farið verður í aðra leit föstudaginn 23. september.
Farið verður í þriðju leit Hvítsíðinga föstudaginn 30. september.
Farið verður í þriðju leit Tungnamanna og Þverhlíðinga laugardaginn 1. október og
sunnudaginn 2. október.
Fjallkóngum þriðju leitar er heimilt að gera þriðju leit á öðrum tíma en tilgreindur er, ef
sérstök ástæða þykir til.
Áríðandi er að leitarmenn séu vel útbúnir í hlýjum og vatnsheldum fatnaði í skærum
litum.

Fjallkóngar í Tungnamannaleitum eru:

1. leit: *Davíð Sigurðsson Miðgarði*
2. leit: *Jóhann Oddsson Steinum*
3. leit: *Trausti Magnússon Hamraendum*

Fjallkóngar í Þverhlíðingaleitum eru:

1. leit: *Einar G. Örnólfsson Sigmundarstöðum*
2. leit: *Grétar Þ. Reynisson Höll*
3. leit: *Grétar Þ. Reynisson Höll*

Fjallkóngar í Hvítsíðingaleitum eru:

Heiðarleit

1. leit *Sigurður Gunnarson Bjarnastöðum*
2. leit *Egill J. Kristinsson Örnólfsdal*
3. leit *Sigurður Gunnarson Bjarnastöðum*

Síðufjallsleit

1. leit *Ásta Þorsteinsdóttir Fróðastöðum*
2. leit *Ásgeir Ásgeirsson Þorgautstöðum*

Réttarstjóri: *Grétar Þór Reynisson Höll*

Fyrsta leit Stafholtstungna er metin á kr. 32.000. -
Fyrsta leit Þverhlíðinga og Hvítsíðinga er metin á kr. 24.000.-
Önnur leit hjá öllum er metin á kr. 24.000.-
Þriðja leit Stafholtstungna og Þverhlíðinga er metin á kr. 19.200.-
Þriðja leit Hvítsíðinga er metin á kr. 24.000.-
Síðufjallsleit, laugardagsleit og sunnudagsleit eru metnar á kr. 9.600.-
Brekkurétt og Fljótstungurétt eru metnar á kr. 18.000.- Skilamenn skulu sjá um flutning á fé til Þverárréttar.
Nesmelsrétt er metin á kr. 15.000.- Fé Tungnamanna úr Nesmelsrétt verður aðgengilegt í fjárhúsunum á Lundum og fé Þverhlíðinga í fjárhúsunum á Sigmundarstöðum síðla dags.
Kostnaður við flutninga úr útréttum er innifalinn í matsgjaldi.
Vökumaður, réttarstjórn og fyrirstaða eru metin á kr. 9.600.-
Dráttarvél er metin á kr. 32.000, - á hverja leit.
Bíll og kerra í fyrstu og aðra leit Stafholtstungna er metin á kr. 32.000.- á hverja leit.

Réttir.

Fyrsta Þverárrétt verður mánudaginn 19. september og **hefst kl: 07.00.**
Réttað verður seinnipart sunnudags 18. september, ef aðstæður leyfa.
Önnur Þverárrétt verður mánudaginn 26. september og **hefst kl: 10.00.**
Þriðja Þverárrétt verður mánudaginn 3. október og **hefst kl: 10.00.**
Nesmelsrétt verður laugardaginn 10. september um miðjan dag.

Fjáreigendur eru hvattir til að benda gestum sínum á að leggja bifreiðum á melnum vestan við samkomuhúsið á réttardaginn. Það auðveldar aðgengi við fjárflutninga úr réttinni.

Minnt er á skyldu allra landeigenda og/eða umráðamanna að smala jarðir sínar til þriðju réttar og færa óskilafé þangað. Hestagirðingin við réttina verður fjárheld og því til afnota fyrir óskilafé.

*Bakkakoti 22. ágúst 2016
Afréttarnefnd Borgarbyggðar í Þverárréttarupprekstri*

Kristján F. Axelsson

Einar Guðmann Örnólfsson

Egill J. Kristinsson

Þuríður Guðmundsdóttir